

## Svar

**félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni  
um kostnað vegna skemmda á húsnæði fyrir umsækjendur  
um alþjóðlega vernd.**

1. *Hver var kostnaður ríkissjóðs, frá 1. janúar 2019 til 1. janúar 2024, vegna skemmda sem unnar voru á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
2. *Hver er fjöldi reikninga á fyrrgreindu tímabili sem ríkissjóði hafa borist frá rekstrar- aðilum eða eigendum þessa húsnæðis vegna skemmda? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*
3. *Eru þessir reikningar sannreyndir af hálfu greiðanda með einhverjum hætti? Ef svo er, hvaða mat fer fram á skemmdu húsnæði af hálfu greiðanda áður en reikningar eru greiddir og hver framkvæmir það mat?*
4. *I hve mörgum tilfellum á tímabilinu var fjárhæðin sem ríkið greiddi frábrugðin upphaf- legri fjárhæð reiknings og hvaða ástæður lágu að baki því? Svar óskast sundurliðað eftir hverju tilviki.*

Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd færðist í júlí 2022 frá Útlendingastofnun til Vinnumálastofnunar. Upplýsingar fyrir þann tíma um kostnað vegna skemmda á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd liggja því hvorki fyrir hjá félags- og vinnumarkaðs- ráðuneytinu né Vinnumálastofnun og miðast svör við fyrstu fjórum töluliðum fyrirspurnarinnar því við seinni helming ársins 2022 og allt árið 2023.

Kostnaður á árinu 2022 vegna skemmda sem unnar voru á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd nam 13.888.955 kr. og var um að ræða einn reikning á því ári. Kostnaður á árinu 2023 er áætlaður tæplega 3.000.000 kr. en um er að ræða einn reikning sem enn er ógreiddur þar sem mat á kostnaði vegna viðgerða á umræddu húsnæði er enn til skoðunar.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun eru skemmdir sem verða á húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd metnar af umsjónarmanni húsnæðisins hjá stofnuninni í samráði við eiganda eða rekstraraðila viðkomandi húsnæðis. Reikningar eru í framhaldi sann- reyndir af hálfu greiðanda í samræmi við framangreint mat. Fjárhæðin sem greidd var vegna ársins 2022 var ekki frábrugðin upphaflegri fjárhæð reiknings en í því tilviki var fjárhæð reiknings í samræmi við samkomulag milli aðila. Reikningur vegna ársins 2023 er sem áður segir enn ógreiddur þar sem mat á kostnaði vegna viðgerða á umræddu húsnæði er enn til skoðunar og því er enn óljóst hvort greidd fjárhæð verði frábrugðin upphaflegri fjárhæð reiknings.

5. *Hverjar eru afleiðingar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd ef þeir valda tjóni á húsnæði sem þeir dvelja í?*

Samkvæmt 4. málsl. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 540/2017, um útlendinga, skal Vinnu- málastofnun draga af framfærslufé einstaklinga útagðan kostnað sem stofnunin þarf að standa undir vegna skemmda á húsnæði eða innanstokksmunum eða annarra útgjalda sem

ekki eru tilkomin vegna eðlilegrar notkunar viðkomandi einstaklings á húsnæðinu. Auk þess kunna alvarleg tilfelli að vera kærð til lögreglu.